

Heimahjúkrun og eyðublaðaeining

Samskipti í eyðublöðum

Nýtt eyðublað

Vitjun tengd við legu

Aðrir vitjunaraðilar í samskipti

Saga 2019.2

Vitjun skráð í heimahjúkrun – samskipti verða til sjálfkrafa í eyðublöðum

Nú verða til samskipti í eyðublaðaeiningunni þegar vitjun er skráð í heimahjúkrun í meðferð.

Búa þarf til sniðmát samskipta í „Mínar Stillingar“ fyrir faghóp á deild, sjá lýsingu á heimahjúkrunarsniðmátum í skjalinu Sniðmát í heilsugæslu frá EL

(https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item23280/Snidmat_heilsugaesla_skyrsla+28.mai.2014.pdf) . Velja á „Sniðmát samskipta“ og síðan „Faghópur á deild“, flipann til að setja sniðmátin upp fyrir deild og faghóp.

Notandi	Faghópur á deild	Samskipti	Staðsetning	Flokkun samskipta
Númer	Nafn		Aðkoma	Deild
Vækt	Undirkaður starfsmáður		Samskiptiform	Þjónustuflokkur
	Ábyrgur starfsmáður			Fylgd
Faghópur: Hjúkrunarfræðingur				
<input checked="" type="checkbox"/>	1 Færsla án samskipta/Heimahjúkrun		Heilsugæsla Skráning upplýsinga Færsla án samskipta	Heilsugæsla Heimahjúkrun Á ekki við
Faghópur: Læknir				
<input checked="" type="checkbox"/>	1 Færsla án samskipta/Heimahjúkrun		Heilsugæsla Skráning upplýsinga Færsla án samskipta	Heilsugæsla Heimahjúkrun Á ekki við
<input checked="" type="checkbox"/>	2 Símtal/Heimahjúkrun		Heilsugæsla Ráðður tími Símtal	Heilsugæsla Heimahjúkrun Á ekki við
<input checked="" type="checkbox"/>	3 Símtal á vakt/Heimahjúkrun		Heilsugæsla Vakt Símtal	Heilsugæsla Heimahjúkrun Á ekki við
<input checked="" type="checkbox"/>	4 Vitjun helgarvakt/Heimahjúkrun		Heimil einstaklings Helgarvakt Vitjun	Heilsugæsla Heimahjúkrun Á ekki við
<input checked="" type="checkbox"/>	5 Vitjun næturvakt/Heimahjúkrun		Heimil einstaklings Næturvakt Vitjun	Heilsugæsla Heimahjúkrun Á ekki við
<input checked="" type="checkbox"/>	6 Vitjun kvöldvakt/Heimahjúkrun		Heimil einstaklings Kvöldvakt Vitjun	Heilsugæsla Heimahjúkrun Á ekki við
<input checked="" type="checkbox"/>	7 Vitjun dagvakt/Heimahjúkrun		Heimil einstaklings Ráðður tími Vitjun	Heilsugæsla Heimahjúkrun Á ekki við

Í stilligildum **1224 - 1230** þarf að setja inn **heiti sniðmáta** nákvæmlega eins og það er í Mínar stillingar.

Í stilligildum **1231 - 1233** þarf að skilgreina upphaf vakta í heimahjúkrun á forminu HH:MM, t.d. 08:00 fyrir dagvakt.

Vitjun skráð í heimahjúkrun – eyðublað nr. 725 verður til sjálfkrafa

Nú verður til eyðublaðið „Samskiptaseðill heimahjúkrunar“, númer 725, þegar vitjun er skráð í heimahjúkrun. Eyðublaðið er sýnilegt í nýju textasýninni og í lesham í eyðublaðaeiningunni.

Eyðublaðið er ekki sýnilegt í gömlu textasýninni. Ekki er hægt að sjá þetta eyðublað í Umsjón – Stillingar – Eyðublöð.

Vitjun skráð í heimahjúkrun – Samskipti fyrir vitjun tengd við legu

Nú eru samskiptin sem verða til í eyðublöðum, þegar vitjun er skráð, tengd við legu einstaklings ef hún er til.

Til að samskiptin birtist öll undir Samskipti í eyðublaðatrénu þarf stilligildi 91 að vera óvirkt á deildinni.

Vitjun skráð í heimahjúkrun – aðrir vitjunaraðilar skráðir sem aðrir starfsmenn í eyðublaðasamskiptum

Ef fleiri en einn vitjunaraðili fer í vitjun þá skrást þeir aðilar sem aðrir starfsmenn í eyðublaðasamskiptunum sem verða til fyrir vitjunina.

Með kveðju

Origo Heilbrigðislausnir